



Til:
Efni:
Upplýsingar:

Agnar.Bragason@umhverfisstofnun.is
Lokun náttúrustaða við Mývatn
Sent: 11.08.2017 13:47:31 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017070017, Bréfalyklar: 42-0
almennt

Tilvísun í mál: 2017070017

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 12. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um beiðni Guðrúnar Maríu Valgeirsdóttur um að þremur stöðum í landi Reykjahlíðar verði lokað vegna álags af völdum ferðamanna. Um er að ræða staðina Hverir, Víti við Kröflu og Leirhnjúk. Með erindinu bárust ekki gögn sem sýna ástand staðanna. Óskað er eftir því að erindinu verð svarað fyrir 19. júlí sl. Beðist er velvirðingar á hve dregist hefur að svara erindinu sem stafar af sumarleyfum starfsmanna Náttúrufræðistofnunar.

Náttúrufræðistofnun getur ekki tekið afstöðu til lokunar framangreindra staða því stofnunin hefur engin gögn undir höndum sem sýna slæmt ástand þeirra sem rekja má til ágangs ferðamanna. Náttúrufræðistofnun hefur ekki tök á því að gera sjálfstæða úttekt á stöðunum nema sérstaklega sé óskað eftir því. Stofnuninni er auðvitað kunnugt um að mikill fjöldi ferðamanna heimsækir þessa staði og að álag á þá er almennt mikið. Til að hægt sé að meta ástand staðanna gætu umsýjaraðilar þeirra örugglega fundið og tekið saman upplýsingar um þá úr landvarðaskýrslum og t.d. öðrum skýrslum Umhverfisstofnunar og annarra frá undanförunum áratugum og fengið þannig yfirlit yfir hvernig ástand staðanna hefur próast. Best væri að koma á reglulegri vöktun þessara staða, og annarra sem mikið álag er á, þar sem aðferðafræði vöktunarinnar miði að því að greina ástand og áhrif á náttúru staðanna vegna álags ferðamanna. Þannig væri hægt að bregðast við í tíma með lokun þeirra eða öðrum aðgerðum.

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

